



Fundargerð 71. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn föstudaginn 14. apríl 2023, kl. 08:15 í fundarsal SSS.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Gunnar Axel Axelsson, Sigrún Ásta Elefsen, Fannar Jónasson, Árni Sigfússon, Jóhann Snorri Sigurbergsson

Forföll: Magnús Stefánsson, Berglind Kristinsdóttir, Hanna María Kristjánsdóttir, og Arnbjörn Ólafsson

Starfsmenn: Daníel Einarsson og Þuríður Aradóttir Braun sem ritaði fundargerð

Dagskrá fundarins:

- 1. Drög að samstarfssamningi RGP og RNB vegna gestastofu í DUUS**
Kynnt voru drög að samstarfssamningi vegna nýrrar gestastofu Reykjanes Geopark í DUUS Reykjanesbæ.
Umræður um þróun og uppbyggingu gestastofa jarðvangsins til framtíðar og ákveðið að fresta frekari ákvörðun til næsta fundar.
- 2. Lagfæringar vegna aðgengis við Gunnuhver**
Verkefnastjóri kynnti núverandi ástand við Gunnuhver og lagði til að falist verði eftir tilboðum í verkið að lagfæra aðgengi að göngupalli og merkingum.
Verkefnastjóra falið að vinna verkefnið áfram og leita tilboða.
- 3. Ráðstefna GGN í Marrakech**
Verkefnastjóri kynnti næstu alþjóðlegu ráðstefnu Hnattrænna UNESCO jarðvanga sem haldin verður í Marrakech í 5.-10. september 2023.
Verkefnastjóra falið að setja saman verð og ferðapakka fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt í ráðstefnunni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9.07